til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 147,421,25 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—7. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3.	Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík	kr. 4,800,00
Við A. 5.	komi nýr liður h. Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmanneyjum	kr. 125,00
		Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 103,500,00.

Við B. II.	Til Reykjadalsbrautar		kr. 5,000,00
	Til Borgarfjarðarbrautar		— 2,000,00
	Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli ...		— 7,000,00
Við B. XIII.	Til brúargerðar á Hölkná í Þistilsfirði ...		— 4,500,00
Við D. II.	Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja		kr. 40,000,00
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar)		— 12,575,00
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks)		— 17,225,00
	Til að kaupa símalínuna frá Dalvik til Ólafsfjarðar		— 7,600,00
Við E. V.	Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi	kr. 3,000,00	
	Launaviðbót til vitavarðar	kr. 300,00	— 3,300,00
			Flyt kr. 99,200,00

Flutt kr. 99,200,00

Við E. VI. Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita, til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að ... ... — 4,000,00

Við E. XII. Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita ... ... kr. 300,00

Kr. 103,500,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 13,500,00.

Við A. Tveir nýir liðir bætast við:

1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju ... ... kr. 1,200,00
2. — — — — - Rafnseyrarkirkju ... ... kr. 250,00

Kr. 1,450,00

Við B. I – III. Til þess að háskóli Íslands geti byrjað 17. júní þ. á. skal veitt svo mikið fé, sem nemur mismuninum á kenslulaunum þeim, sem nú eru goldin kennurum prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans, og þeim kenslulaunum, sem gjalda skal kennurum í fjórum deildum háskólans ... ... — 7,400,00

Við B. V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:
Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550

Við B. VI. Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600 kr. 4150,00

Við B. VII. Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans ... ... — 500,00

Kr. 13,500,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til visinda og bókmenta veitast kr. 700,00

Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ... kr. 300,00

Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu ... ... — 400,00

Kr. 700,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 8,796,25.

Við 2. lið. Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri ... . — 2,000,00

Við 27. lið. Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum — 396,25

Við 35. lið. Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum .. .. — 2,400,00

— — — Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að ... ... — 4,000,00

8. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grimsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. april 1911.